



## SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

### 518. fundur stjórnar SASS

**haldinn í Þingborg Flóahreppi  
fimmtudaginn 6. apríl 2017, kl. 12:00**

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Anna Björg Níelsdóttir, Lilja Einarsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Eva Björk Harðardóttir, Sandra Dís Hafþórsdóttir og Eggert Valur Guðmundsson. Sæmundur Helgason tengdist fundinum með fjarfundabúnaði. Páll Marvin Jónsson forfallaðist. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð og Ólafur Gestsson, endurskoðandi hjá PwC, undir dagskrárlið 4. Loks komu fulltrúar sveitarstjórnar Flóahrepps, þ.e. Árni Eiríksson, oddviti, Svanhvít Hermannsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Sigurbára Rúnarsdóttir, Rósa Matthíasdóttir og Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á fund stjórnar í sveitarfélaginu Flóahreppi.

Heimsókn til sveitarstjórnar Flóahrepps

Árni og Eydís, tók undir orð formannsins og fögnuðu því að stjórnarfundur SASS væri haldinn í Þingborg í Flóahreppi. Þau voru með fróðlega kynningu á helstu málefnum sveitarfélagsins. Þau og aðrir fulltrúar í sveitarstjórn svöruðu framkomnum spurningum og umræður voru um málefni sveitarfélagsins og samtakanna.

**1. Fundargerð**

Fundargerð 517. fundar undirrituð.

**2. Skipan í samgöngunefnd**

Formaður kynnti málið. Eftirtaldir voru skipaðir: Sæmundur Helgason, formaður, Páll Marvin Jónsson, Valgerður Sævarsdóttir, Ari Thorarensen og Benedikt Benediktsson.

**3. Skipan í orkunýtingarnefnd**

Formaður kynnti málið. Eftirtaldir voru skipaðir: Jón Valgeirsson, formaður, Gunnsteinn Ómarsson, Eva Björk Harðardóttir, Nanna Jónsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir.

**4. Ársreikningi SASS 2016**

Ólafur Gestsson, endurskoðandi hjá PwC, fór kynnti ársreikning SASS fyrir árið 2016. Rekstrarafkoma samtakanna var neikvæð um 21,7 m.kr. Af einstökum gjaldaliðum má nefna að lífeyrisskuldbindingar samtakanna hækkuðu milli ára um

17,6 m.kr. og tap af rekstri almenningssamgangna var 1,8 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er bókfært eigið fé neikvætt um 5,8 m.kr. í lok ársins. Ársreikningur lagður fram og staðfestur.

#### **5. Sóknaráætlun Suðurlands - Úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands og áhersluverkefni**

Formaður verkefnastjórnar Sóknaráætlunar kynnti niðurstöðu úr fyrri úthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands árið 2017. Sjóðnum bárust samtals 137 umsóknir, 87 menningarverkefni og 50 nýsköpunarverkefni. Fagraðin tvö hafa farið yfir innsendar umsóknir og metið þær. Verkefnisstjórn hefur jafnframt fjallað um þær á fundi. Verkefnisstjórn leggur til að úthlutað verði samtals um 37,5 m.kr. til 72 verkefna og það skiptist þannig að úthlutað verði um 18,6 m.kr. til 27 nýsköpunarverkefna og um 19,9 m.kr. til 45 menningarverkefna.

Stjórnin staðfesti fyrirbyggjandi tillögur verkefnastjórnar Sóknaráætlunar Suðurlands um úthlutanir úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands.

Stjórn staðfestir jafnframt tillögu frá verkefnastjórn um eftirfarandi 11 áhersluverkefni Sóknaráætlunar:

- Brotthvarf úr framhaldsskólum á Suðurlandi – greining; 1,0 m.kr.
- Rekstraráætlun FabLab smiðju á Selfossi; 1,6 m.kr.
- Hönnun á fræðsluefni fyrir söfn og sýningar á Suðurlandi; 6,5 m.kr.
- Íbúakönnun á Suðurlandi; 1,8 m.kr.
- Innviðagreining Suðurlands 1. áfangi; 3,0 m.kr.
- Kortavefur Suðurlands 2. áfangi; 3,0 m.kr.
- Málþing um framtíð iðn-, tækni- og verknáms á Suðurlandi; 0,75 m.kr.
- Menningarkort Suðurlands – fýsileikakönnun; 1,75 m.kr.
- Ráðstefna um sjálfbært Suðurland; 1,0 m.kr.
- Sjúkraþyllur á Suðurlandi – fýsileikakönnun; 0,5 m.kr.
- Stofnun ungmennaráðs Suðurlands; 1,2 m.kr.

Ákveðið var bíða að sinni með áhersluverkefnið *Þróunarverkefni meðal fyrirtækja á Suðurlandi* að fjárhæð 3,0 m.kr. og þess í stað að verja þeim fjármunum í ítarlegri innviðagreiningu á Suðurlandi. Alls verður því 6 m.kr varið í innviðagreiningu árið 2017. Samtals er varið 25,1 m.kr. í ofangreind verkefni.

Áður hafði stjórn staðfest eftirfarandi tvö áhersluverkefni, að fjárhæð 9,8 m.kr.:

- Félagsleg þolmörk íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu; 6,8 m.kr.
- Skaftárhreppur til framtíðar (Brothætt byggð í Skaftárhreppi); 3 m.kr.

Samtals er því unnið að 13 áhersluverkefnum á árinu 2017 að fjárhæð 34,9 m.kr.

**6. Almenningsamgöngur**

Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir um útgáfu á afsláttarkortum í Strætó fyrir íbúa á Suðurlandi. Áfram verður unnið að útfærslu og fullmótuð tillaga verður lögð fyrir stjórn.

Framkvæmdastjóri kynnti könnun sem fram fór á tímabilinu september 2016 til janúar 2017. Könnun var framkvæmd af könnunarfyrtækinu Maskínu fyrir samtökin og gekk hún út á að kanna álit og notkun íbúa Suðurlands á almenningssamgöngum.

**7. Umsagnarbeiðnir frá Alþingi****a) Frumvarp til laga um umferðarlög (bílastæðagjöld), 307. mál.**

Stjórnin hvetur eindregið til þess að frumvarpið verði samþykkt

**b) Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum (sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði), 306 mál.**

**Lagt fram til kynningar.**

Stjórnin leggst gegn því að frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum (sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði) verði samþykkt óbreytt.

Stjórnin skorar á Alþingi að beita sér fyrir breytingu á því þannig að byggt verði á hefðbundinni skiptireglu Jöfnunarsjóðs.

**c) Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 207. mál.**

Lagt fram til kynningar.

**8. Önnur mál til kynningar, umræðu og afgreiðslu****a) Endurskoðun á búvörulögum**

Stjórn SASS telur mikilvægt að skapa trausta umgjörð um landbúnað og matvælaframleiðslu til lengri tíma líkt og nýgerðum búvörusamningi er ætlað að gera. Landbúnaður er ein af undirstöðuatvinnugreinum í landinu þegar kemur að því að tryggja vandaða innlenda, matvælaframleiðslu og atvinnu- og búsetumöguleika um land allt. Óvissa varðandi starfsskilyrði í landbúnaði bitnar þannig mjög á starfsöryggi og byggðafestu í dreifbýli og mikilvægt er að koma í veg fyrir það svo sem kostur er.

**b) Fundur með menntamálaráðherra**

Formaður gerði grein fyrir fundi sem haldinn var með mennta- og menningarmálaráðherra sl. þriðjudag.

**c) Greining á áhuga, þörf og eftirspurn fyrir fjarnámi á Suðurlandi**

Formaður sagði frá könnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann með SASS og Háskólafélagi Suðurlands meðal íbúa og atvinnulífs í

landshlutanum. Greiningin gekk út á að kanna áhuga, þörf og eftirspurn fyrir fjarnámi á háskólastigi. Þetta er áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands.

**d) Erindi frá Skaftárhreppi**

Formaður kynnti erindi sem barst frá sveitarstjórn Skaftárhrepps tengt verkefninu *Skaftárhreppur til framtíðar* en þar er óskað eftir áframhaldandi fjárstuðningi við verkefnið. Formanni og framkvæmdastjóra falið að ræða við forstjóra Bygðastofnunar.

**e) Erindi frá vinafélagi Ljósheima og Fossheima**

Formaður kynnti bréf, dags. 3. apríl sl., sem framkvæmdastjóra barst frá vinafélagi Ljósheima og Fossheima en á aðalfundi félagsins var eftirfarandi ályktun um málefni aldraðra samþykkt:

*„Aðalfundur Vinafélagsins mótmælir því harðlega að aldraðir og veikir íbúar í byggðarlaginu skuli fluttir hreppaflutningum, burtu frá ástvinum og sínu umhverfi þegar síst skyldi og velferðarkerfið ætti að bjóða sómasamlegan aðbúnað. Slíkt er ekki viðunandi háttalag í því allsnægta samfélagi sem við búum í.*

*Aðalfundur Vinafélags Ljósheima og Fossheima skorar á Alþingismenn og sveitarstjórnafólk á Suðurlandi að gera gangskör að fjárveitingum til hjúkrunardeilda aldraðra þannig að nauðsynleg umönnun sé tryggð og heimilisfólk hjúkrunardeilda fái búið við öryggi og mannlega reisn. Fundurinn leggur sérstaka áherslu á nauðsyn þess að í boði séu hvíldarrými í heimabyggð fólks en það er ein helsta forsenda þess að aldraðir geti búið sem lengst á sínum heimilum.*

*Þá vill fundurinn minna á það gríðarlega álag sem er á heilbrigðisþjónustu í Árnassýslu vegna stóraukins ferðamannastraums og stöðugar fjölgunar þeirra sem dvelja í fristundabyggðum í umdæminu og skapar enn meiri hættu á því að starfsemi einstakra þjónustupátta fari undir öryggismörk.,,*

Stjórn tekur undir áhyggjur vinafélagsins og hvetur ríkisvaldið til að leggja meiri fjármuni í málaflokkinn.

Næsti fundur verður haldinn 5. maí nk. í Rangárþingi eystra.

Fundi slitið kl. 15:30.

Gunnar Þorgeirsson  
Lilja Einarsdóttir  
Unnur Þormóðsdóttir  
Eva Björk Harðardóttir  
Sæmundur Helgason  
Anna Björg Níelsdóttir  
Sandra Dís Hafþórsdóttir  
Eggert Valur Guðmundsson  
Bjarni Guðmundsson